

Fimmtudaginn 14. nóvember 1996.

Nr. 382/1996.

Landsbanki Íslands

(Reinhold Kristjánsson hrl.)

gegn

Kaupþingi hf.

(Sigurður G. Guðjónsson hrl.)

Kærumál. Nauðungarsala. Áfrýjunarfjárhæð. Frávísun frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 5. október 1996, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 15. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 2. október 1996, þar sem felld er úr gildi ákvörðun sýslumannsins í Reykjavík frá 6. maí sama árs um að taka ekki til greina andmæli varnaraðila gegn frumvarpi til úthlutunar söluverðs fasteignarinnar Vagnhöfða 6 í Reykjavík. Sóknaraðili krefst þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og kröfur hans í héraði teknar til greina. Þá krefst sóknaraðili málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur að öðru leyti en því, að sóknaraðila verði gert að greiða málskostnað í héraði. Þá krefst varnaraðili kærumálskostnaðar.

Með kröfulýsingu 30. janúar 1996 krafðist varnaraðili úthlutunar á 2.189.845 krónum af söluverði eignarhluta í fasteigninni Vagnhöfða 6 í Reykjavík. Í frumvarpi sýslumannsins í Reykjavík 7. mars 1996 var varnaraðila hins vegar úthlutað 1.973.032 krónum. Var sú fjárhæð því 216.813 krónum lægri en varnaraðili hafði krafist, en um þá fjárhæð er deilt í kærumáli þessu. Er því ekki fullnægt skilyrðum um áfrýjunarfjárhæð í 1. mgr. 152. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála með áorðnum breytingum, en því verður beitt um kæru þessa, sbr. 4. mgr. 150. gr. laganna og 3. málslíð 1. mgr. 79. gr. laga nr. 90/1991. Verður því að vísa málinu frá Hæstarétti.

Varnaraðili krefst málskostnaðar í héraði, en hefur ekki kært

úrskurð héraðsdóms fyrir sitt leyti. Kemur sú krafa því ekki til álita.

Rétt þykir, að hvor aðili beri sinn kostnað af kærumáli þessu.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Kærumálskostnaður fellur niður.
